

**67. fundur svæðisráðs mánudaginn 5. febrúar 2018 kl. 15.00, haldinn á Kirkjubæjarstofu.**

*Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Hákon Gunnarsson, Jóna Björk Jónsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð. Heiða Guðmundsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Erla Ívarsdóttir boðuðu forföll. Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri, er gestur fundarins undir 3.lið.*

1. Rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs lögð fram til kynningar. Þar eru áætlaðar 49.394.000 kr. í launakostnað á Vestursvæði 2018. Fanney kynnir drög að launaáætlun fyrir svæðið í framhaldi af því.

Lagt er upp með að hver landvörður á hálendi vinni 22 vaktir á mánuði. Þannig verða þeir með 22 yfirvinnutíma á mánuði auk fjarvistaruppbótar og annarra kjarasamningsbundinni réttinda. Með þessu er verið að draga mikið úr yfirvinnu með því að fækka vöktum á hvern og einn.

Fyrirkomulagið gerir ráð fyrir þremur starfsmönnum á hverri tveggja landvarða stöð þ.e. í Laka, Eldgjá & Langasjó og Nýidal & Hrauneyjum. Þá eru alltaf tveir starfsmenn í vinnu og einn í fríi. Alls eru þá 9 landverðir að störfum á hálendinu á tímabilinu 18. jún – 31. ág. Eftir það er aðeins einn á hverri starfsstöð til loka. Lagt upp með samstarf við UST í Hrauneyjum á sömu nótum og síðastliðið ár.

Gestastofan verður opin allt árið, 5 tíma opnun virka daga jan – 15. maí og 15.sept – áramóta. Annars er opið alla daga. Þessi áætlun byggir á lágmarkspörf svæðisins og hljóðar upp á rúmar 50 milljónir.

Ef viðbótarframlag fæst væri óskastaða að geta haft landvörslu í Eldgjá og Laka út september, geta lengt vaktirnar á hálendinu í 10 tíma á dag og bætt við 3 manni inni í Laka á háönn. Einnig væri gott að geta bætt við einum mannmánuði á Skaftárstofu til að dekkja fyrri hluta júní og seinni hluta september á móti föstum starfsmanni.

Launaáætlunin er í samræmi við rekstraráætlun fyrir svæðið og samþykkt af svæðisráði. Formaður mun leggja hana fram á næsta stjórnarfund.

Liðurinn „önnur gjöld“ á rekstraráætlun þarf að lækka um rúmar tvær milljónir milli ára. Þar sem áætlunin barst aðeins 2 klst fyrir fund er ekki búið að rýna hvernig það skuli nást. Fanney nefnir samt liði sem voru kostnaðarsamir á sl. ári. Þar ber hæst að tveir af bílum svæðisins biluðu alvarlega og þurftu kostnaðarsamar viðgerðir. Starfsmenn munu rýna þessa liði betur á næstu dögum.

Ásta Begga fer fram á að hafa annan fund þegar ljóst verður orðið hvað fæst í viðbótarframlag til landvörslu úr innviðasjóði. Þá verður hægt að leggja fram endanlega launaáætlun og drög að vaktaplani fyrir sumarið.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram. Formaður fer yfir síðustu fundi. Lækka þarf launakostnað garðsins um 50 milljónir miðað við rauntölur 2017 og annar rekstrarkostnaður skal lækka um 10%.

**Þórður mætir á fund**

3. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu á fyrirhugaðri gestastofu á Vestursvæði, fjárframlag sem búið er að tryggja til framkvæmda við gestastofu er alls 450.000.000 krónur. Það dugar til að byggja húsið en þá er eftir að fjármagna lagnir að húsinu (rafmagn, vatn), bílastæði, aðkomuveg o.fl. Sá kostnaður er líklega rúmlega 100 milljónir í viðbót. Ekki er hægt að halda áfram með framkvæmdir fyrr en tryggt er að nægt fjármagn fái í verkið.

Búið er að eyða rúml. 50 milljónum í deiliskipulag, teikningar og fleira

#### Önnur mál

- Þverá – Svæðisráð lýsir óánægju með að hafa ekki verið haft með í ráðum við gerð leigusamnings um Þverá. Það hafi verið kostnaðarsöm aðgerð sem vandséð er að hafi verið til hagsbóta, enda ekki mótuð nein stefna um hvert framhaldið yrði.
- Nýidalur. Fanney Ásgeirsdóttir mun hitta Pál Guðmundsson vegna Nýjadals fljótlega. Nauðsynlegt er að taka ákvörðun um hvernig rekstri þar verði hagað í framtíðinni. Húsnæði landvarðar er ónýtt og breytinga er þörf. Framkvæmdastjóri felur þjóðgarðsverði að vinna að málinu áfram með Ferðafélaginu.
- Stefnt er að því að samstarf við UST næsta sumar verði á sömu nótum og sl. ár. Framkvæmdastjóri staðfestir að útfærsla þess sé á borði svæðisráðs og þjóðgarðsvarðar svo framarlega sem það rúmast innan fjárhagsáætlunar.

#### Þórður yfirgefur fundinn kl. 17:10

- Minnisblað fjármálastjóra um mögulega hagræðingu tekið til umræðu. Þjóðgarðsvörður leggur fram athugasemdir við nokkra af þeim liðum sem snúa að Vestursvæði. Svæðisráð tekur undir framkomnar athugasemdir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:30